

HEIMIR



IV. árgangur

WINNIPEG, 1908.

7. blað.

Óskar Svía-konungur.

eftir

Stephan G. Stephansson.

„Konungur vor er kotungsættar, en sérhver þumlungur í honum er úr öðlings-efni.“ —

Haft eftir sænskum hirðmanni.

I.

Meðan hljóður harmur
helörn risti á brjósti
hæsta konungs höfuð
hallaðist að bólstri —
Noreg hafði úr hendi
höggvið Ás inn blindi.
Einn sat Bragi að beði,
Bragi ljóð-skrautuður.

Laut að lofðungs eyra
ljóði því að hvísla,
sem að báli bornum
beinir vinum sínum,

orðum ei sem heyrðu
aðrir, þó þeir spurðu.
Sann-getulust Saga
sjálf fer þeirra dulin.

Hvísl, sem þreyttu þrúnar
þaggar, unz þær spekjast.
Hálfgerð vísa, en vær sem
vöggugælur mæðra,
órímaða yndið
óðs, í skáldsins kvæði,
fegurð fegins hugar
frjáls við dróma málsins.

II

Niðji sólskins-sveita
svásra Pýrennía!
sem á Seva-fjöllum
Sigrún örmum vafði,
þar sem hvítum kili
hvelfir norrænn Dofri—
hún, sem kost ei kynstofn
konungsmennis virðir.

Karl og þræll hlaut kauptún,
kóngsbörn æxlást þaðan.
Heiði og annes erja
ættir Jarls og Hersis,
þangað svanbjört Sigrún
sveitar drenginn kvaddi,
konung sérhvers kóngs í
kurteisi og íþrótt.

III

Þegar mætra manna
minning fær um síðir
orlof, einu sinni
ásta sinna að vitja,
ríða um roðnar brautir,
rökkur vind-hjálms brúar
o'n í Dag-heims dali,
daggarslóð að vestan.

Mun ei suðræn Sigrún,
sí-ung tárfríð ekkja,
minning fylkis fegin
íaðma lífs í haugi?
Þykja sér enn sælust
sængin þar hjá liðnum,
kveða einkis örvænt
enn á Seva-fjöllum?



Óskar II. Svía-konungur.

„Fallinn er Ólafur Tryggvason“

Í byrjun síðastliðins mánaðar (Des.) flaug sú frétt að konungur Svíanna, öldungurinn Óskar II., væri að þrotum komin með heilsu, og að sonur hans Gustaf væri settur til ríkis. Það var svefnleysi og andvökur, er þjáði konunginn, svo haun gat engrar hvíldar notið. Var kent um, að aðskilnaður ríkjanna hefði verið orsök í því, og lagst honum þyngra á huga, eftir því sem tímar liðu fram.



ÓSKAR II. SVÍA-KONUNGUR.

En mánudagskvöldið 9. Des. var andvökunni lokið. Það fréttist þá um daginn að konugurinn væri dáinn. Um tvo undanfarna daga var hann búinn að vera næstum meðvitundarlaus en hafði legið í svefn höfga og þungum dvala.

Snemma mánudagsmorguninn, áður en fulljóst var orðið, hafði safnast mannfjöldi mikill úti fyrir höllinni í Stokkhólmi. Þar á meðal skólabörn og námsmenn. Allir biðu þar hljóði úti í gráköldu morgunloftinu eftir fréttum frá herbergjum konungs. Um kl. 9 hné flaggið yfir kastalanum í hálfu stöng. Merkin þurttu ekki fleiri, konungurinn var dáinn. Um alla borgina hnigu flögg þegar í hálfu stöng og nokkrum mínútum síðar einnig í Kristjaníu í Noregi. Söknuður og skaði var sameiginlegur ríkjunum báðum, er ekki gátu þó komið sér saman undir stjórn hans tveimur árum áður.

Óskar var fæddur í Stockhólmi 21. Jan. 1829 og hét fullu nafni Óskar Friðrik. Hann var yngsti sonur Óskars I. og sonar sonur Bernadotte hershöfðingja. Langafi hans var lögfræðingur bændaættar í Suður-Frakklandi. Árið 1859, 6. Júní, hélt Óskar brúðkaup sitt til Soffíu Vilhelminu Maríönu Henriettu af Nassau, en 18. Sept. 1872, við dauða Karls XV. bróður síns, tók hann við ríkjum á norðurlöndum. Árið eftir, þann 21. Maí, krýndu Svíar hann en Norðmenn litlu síðar um sumaríð (18. Júlí) í dómkyrkjunni í Þrándheimi. Er hann andaðist hafði hann verið konungur Svía í 35 ár, en beggja ríkjanna í 33 ár, því það var 1905 að slitnaði upp úr sambandinu milli Norðmanna og Svía.

Eins o kunnugt er, voru ekki líkur til að Óskar næði ríkjum á yngri árum sínum, og varð því mentun hans nokkuð viðtækari en annars, einkum þó í bókmentalega átt. Þó stundaði hann sjómenskufraði og heræfingar, og 1845 tók hann sjóliðsforingja tign í sænska hernum, en nokkru síðar var hann skipaður vísi-aðmíráll. Á þessum árum ferðaðist hann víða um Norðurálfuna kynti sér vel háttu annara þjóða, iðnað þeirra og mentastofnanir, og kom sú þekking hans, er hann aflaði á þennan hátt, sér mæta vel síðar eftir að hann kom til valda. Er það einmæli að hann væri víðsýnasti, lærðasti og göfugasti konungurinn á öldinni. Sjö tungumál talaði hann eins og sitt eigið mál, og hafa erindisrekar Bandaríkjanna sagt það að þeir hafi veigrað sér við að bera fyrir sig sænsku, er þeir áttu tal við konunginn, eftir að þeir heyrðu hve vel honum mæltist á ensku.

Í háttum og síðum var Óskar mjög alþýðlegur, og eru ótal þjóðlegar sagnir af því, hve lítinu greinarmun hann hafi gjört á mönnum en verið ástsæll af allri alþýðu. Kom þar fram maðurinn en ekki konungurinn eins og í fleiru, því maðurinn bar jafnan hærri hlut yfir konunginum.

Auk ríkisstarfa gaf Óskar sig mjög að ýmsum fræðum og mjög snemma var hann álitinn einhver merkasti heimildarmaður fyrir ýmsum málum aðlútandi hernaði, enda reit hann mikið um landvarnir, heræfingar o.s.frv. Þó var hann friðelskur. Lagamaður var hann mikill og réttsýnn. Var hann settur til að stjóra út um mál Bandaríkja manna og Englendinga eftir þrælastríðið, er reis út af ránum Englendinga á kaupförum Ameríku manna meðan á stríðinu stóð. Þótti enginn til þess líklegri en bændahöfðinginn á Norðurlöndum.

Ræðumaður þótti konungur vera í betra lagi, voru tölur hans jafnan óbrotnar, skýrar og áhrifamiklar og kom hann orðum sínum heppilega fyrir. Einkum var það þó sem skáld og rit höfundur að hann gat sér góðann orðstír. Hafa sum rit hans verið oft endurprentuð. Fyrsta ljóðasafn hans kom út 1857 og nefndi hann það „Ur Svenska Flottans Minnen“, og var veðlaunað af Svenska Akademiinu. Ljóðabók þessi kom út í þriðja sinn 1885. Á árunum 1875—6 komu verk hans út í heildar útgáfu, endurprentuð 1879, en í alþýðlegri útgáfu voru þau gefin út í kring um 1881. Auk þess hafa ýmsleg kvæði og ritgjörðir eftir hann komið út á víð og dreif í tímaritum. Rit hans hafa notið mikillar hylli meðal þjóðarinnar enda eru þau öll í hæsta máta þjóðleg og anda þýðum viðkvæmum en þungamiklum blæ norræns huga.

Um hans tíð var algjört ritfrelsi á Norðurlöndum og þótt ýmsar smásálar bæri sig einatt upp við konung yfir ýmsu er norsku skáldin rituðu, einkum Kjelland, gjörði konugur lítið úr því, kvaðst þekkja til þess að vandhæft væri fyrir skáld engu síður en aðra menn að þóknast öllum og var ófánlegur að setja þeim nokkrar skörður. Hefir hans tíð líka verið sú mesta blómaöld norrænna bókmenta og mun lengi í minnum höfð. Því andi

Norðmanna hefir fallið yfir flesta rímara Norðurálfunnar á síðasta fjórðungi aldar.

Þó kemur stærð Óskars hvergi nærri fram í sinni fullu mynd, fyr en í aðskilnaðarmálinu norska. Þá sté manndómur hans í hásetið og stjórnaði og leiddi til giftusamlöggra loka það er hefði getað orðið Norðurlanda-búum til hins mesta tjóns. Margir voru þeir, er hvöttu Svía í stríð það ár. Og mjög voru Norðmenn digrir í tali og als ekki laust við þeir egndu á sig ófrið. En konungsgiftan var drýgri en svo að hann sneri löndunum í orustuvöll. Og hefir hann að líkindum þá minst einkunnarorðanna er hann valdi sér þegar hann kom til ríkis: „Bröderfolkenes Vel“, enda var það bræðraþjóðanna heill er hann matti meira en sinn eigin hag og hann lofaði Noregi að fara í friði, taka til sinna eigin ráða og reisa á fót innlenda stjórn. Búist var þá við að Norðmenn settn á fót hjá sér lýðveldi, er það var látið heita svo, að fólkið vildi segja sig undan konungi. En ekki var það smáarlaust við Óskar er þeir skipuðu hjá sér konung og sóttu hann suður í hænsna húsið í Danmörku.

En fyrir friðsamleg afskifti í aðskilnaðarmálinu verður Óskar ætíð stærstur og best virður. Hversu það mál lyktaði bregður ætíð björtu ljósi yfir mannúð réttisýni og menning Norðurlanda um hans daga, — með því líka að slíks eru engin dæmi áður í sögunni, — og yfir æfi hans og gróf. Og svo lengi sem leiði hans stendur á Norðurlöndum, fyrir það atvik, eftir því sem fram líða stundir, verður mynd skáldsins listamannsins og mikilmennisins skýrari — konungsmynd Norðurlanda.

„ÓVINNANLEG BORG“.

Kyrkja þessa lýðs og lands,
lausakona hagsmunanna,
forustan við dubb og dans,
dufl og trúðleik fjárbrellanna!
Þú átt borg á björgum föstum:
Biblú og tenings köstum.

St. G. Stephansson.

NÝÁR.

Þá breytum vér ártalinu enn, nýtt ár er runnið, hið fyrra horfið þangað, er alt safnast, sem burtu er farið og enn er ókomið.

Óendanlegur er tíminn, og skarðast ekkert, hve mörg sem árin líða, hve mörg þau verða sem koma. En þó vill heldur sneiðast um á meðal vor manna, og breytist við hvert árið.— Misjafnlega er það þó mikið hvað hvert árið tekur— hvað þau veita fær enginn vitað fyr en löngu síðar— sum árin virðast helst kveðja á burt með sér alla höfðingja í Mannheimum. Er það kannske af því að oss finst hver höfðinginn mestur er látinn er, en fátt um þá, er eftir lífa. Aftur virðast önnur tæplega hafa snert oss.

Í tölu þeirra ára, er mikið hafa tekið, er þetta umliðna ár. Ýmsa þá menn, er verið hafa framárlega í sigurbaráttu mannkynsins, fyrir sýllra írelsi og réttláti, hefir það kallað með sér ofan í gröfina. Í tölu þeirra er Óskar Sviakonungur, þótt ótrúlegt megi virðast að nokkur konungur standi í sínum andstæðinga flokki meðal þeirra manna, er réttlætið viðurkenna, mannréttindanna krefjast. En sjálfsagt hefir hann skilið mikið betur stöðu sína en nokkur annar þjóðhöfðingi á þessum tímum.

Þá hafa líka kvatt oss þeir menn, er skerpt hafa mikið fegurðarhugsjón manna, hafið anda vorn á æðra, fullkomnara stig. Heimurinn er mikið betri fyrir að þeir voru til og árið nýja nokkru hljóðara fyrir að þeir eru horfnir, þó orð þeirra og verk vari meðan land er byggt. Í tölu þeirra er tónskáldið norska Edvard Grieg, er sagt er um, að kunngjört hafi nýtt alsherjar mál --- tilfinningamál Norðurlanda. Og í sama hópi mætti telja gamla góðkunna fræðimanninn og skáldið Benidikt Gröndal. Fáir hafa betur skemt þjóð vorri, fáir hafa verið lausari við að yrkja um sinn eigin hag. Eins og sjálfkjörinn talsmaður íslenzkrar glæðvæðar, er þó jafna yfir grúfir alvöru og sorg,

kvað hann og söng. Frá þeirri hlið talaði alsherjar-máli þjóðarinnar og „grát hennar og gleði veik í gleðilag.“

Hér vestra í bygðum vorum hafa einnig nokkrir tapast úr lest, þó er það einn maður, að andast hefir á árinu, er valdið getur oss sorgar ótal mörgum. Sérstaklega þó vegna þess, hve mikið meiri æfi hans hefði getað verið, hve miklu stærra dagsverkið. Vér erum öll eigingjörn og sjáum eftir því tapi, en svo eru líka til tilfinningar er festa sig oss við hjarta, er vaktar hafa verið við viðkyningu stórrar og göfugrar sálar. Og þær verða næmastar, er inn á minninganna land er komið.

Einar Ólafsson var einn sannfæringar sterkastur Íslendingur hér, ósérhlífnastru, djarfastur, stórlyndastur, íslenzkastur. Ræðumaður var hann góður og sannsögull, djúpgreindur, frangjarn, vinfastur en lipurmenni ekkert. Hann var góður drengur, tilfinningaríkur, og kom það best í ljós við heimplaga viðkyningu, og er ólíklegt að hinir fáu kunningjar hans gleymi nokkru sinni hinu þýða viðmóti hans, er jafnast gætti lítils út á meðal almennings, né kvöldvökunum er þeir áttu með honum. Þá var hann ætíð mest hann sjálfur.

Hann var holdskarpur maður, meðallagi hár, einkennilegur; líkaminn virtist aldrei mikill né ábærilegastur. Var oft eins og hann breyttist í gagnsæjan hjúp, laus við tíma og rúm, er í einrúmi talið féll að málum þeim, er sál hans unni heitast. —En þetta eru endurminningar, er fáir eiga og fáir skilja. Maðurinn er dáinn, árið liðna tók hann á burt. Og yfir höfði hans ganga þeir nú, er hétu honum flestu en efndu fæst. Og yfir leiðið hans, í grafreitnum á Gimli, breiðir nú báða vængi sína söguburðurinn, er elti slóðir hans í lifanda lífi, frá munnviðvina og vörum vina, er ekki unnu honum umgangs við aðra menn, umbreyttur að vísu, hjúpaður í aumlegum orðasveim—afsökun fyrir dauðsfallið. Tárin fella lágviðir skógarins í kaldri en tærri morgundögg.

Launin eru oft smá eftir langann dag, en enginn hefir blotið þau minni en Einar Ólafsson. Og enn, í námunda við skothljóðið, flýgur manni ósjálfrátt í huga, hve önnur hefði orðið æfin, ef annað hefði verið umhverfið.

Í ýmsum efnum hefir þetta liðna ár verið oss hagstætt og þjóð vorri sögulegt. Konungs ferðin heim og ferðamanna skari sá er hún dró eftir sér, hefir vakið eftirtekt annara þjóða á landinu og baráttu þjóðarinnar, meir en með öðrum hætti hefði getað orðið. Getur það ekki annað en orðið Íslendingum gagn og hvöt hvar sem þeir búa, í komandi tíð. Einnig hafa allmargir horfið héðan og heim, og vonum vér að þeir eigi annað erindi en að stíga á hrífu hausinn. Vér vitum að nokkrir þeirra fóru heim með þeim huga, það lítið sem þeir orkuðu, að verða að liði.

En nýbyrjaða árið er ennþá óliðið. Hvað það færir oss vitum vér ekki, en segist hugur hið besta um það. Menn eru yfirleitt á réttum vegi og „alt er vel með heiminn.“ Það besta er ókomið enn í sögu mannanna, víðtækara frelsi, meiri þekking, sannari og skynsamlegri trú. Það bíður vor framundan. Megi nýja árið verða flestum sem gæfuríkast og gleðiríkast.



JÓLANÓTT Í HÆNSAKOFANUM.

SMÁSAGA EFTIR

SOPHUS SCHANDORPH.

I.

Hún Skinna-Bóletta í Öreigahælinu í R. átti sér einn lausaleikkson, sem hét Lúðvík og var á vist með henni. Hann var talinn versti götustrákurinn í borginni. Þegar „heldri“ drengirnir voru að baða sig í ánni á sumrin og höfðu farið úr fötunum inni í lokaða baðklefanum, þá var það algengt, að Lúðvík Bólettuson kom að þeim óvörum og kaffærði þá hvað eftir annað fremur ómjúklega. Hann hafði klætt sig úr undir beru lofti, stungið sér og synt út á ána, og steypt sér svo eins og hákarl yfir bráð sína, og áður en „heldri“ drengirnir gátu fylkt sér til

varnar, var hann allur kominn á land, og hljóp alstrípaður ýlfrandi og skríkjandi, með fötin undir hendinni eithvað út í buskann. Á vetrin bjuggu „heldri drengirnir“ sér til sleðabraut ofan af brekku í útjaðri borgarinnar. Var þá algengt, þegar sleði einhvers „heldri drengsins“ var á mestri flugferð, að kippt væri sterklega í meiðana, sleðabúinn byltist þá á hliðina og fékk snjó-gusurnar óspart í andlitið og öll vitin. Það var Lúðvík Skinna-Bólettuson sem nú var einnig á seyði.

Í skólanum kundi hann aldrei nokkurn tíma eitt orð af lexíunum sínum, en á sumrin skemti hann sér við ýms strákarpör, svo sem að stinga lifandi froski eða roði af reyktii síld í bakvasa kennarans eða fylla hattinn hans af engisprettum.

Húðstrýkingar kennarans fengu ekki mikið á Lúðvík Skinna-Bólettuson, og einu sinni er kennarinn gaf honum ærlega ráðningu, beit Lúðvík hann svo rækilega í afturendan, að grimmur hundur hefði ekki betur gert, og upp frá þeim degi hætti kennarinn að berja hann. En eftir það var drengurinn aldrei nærri eins illur í sér; og óknytti hans voru miklu saklausari í eðli sínu.—

Móðir hans, hin karlmannsháa og samanrekna Skinna-Ból-etta með stóra, rauða, skeggjaða andlitið, var sú eina manneskja, sem gat barið drenginn þangað til hann lét undan, ef hún tók það í sig. En hún var sjaldan heima, hún varð að hafa ofan af fyrir sér með þvotti og húsahtreinsunum. Einstöku sinnum þreif hún í handlegginn á honum, og kreisti þá svo fast, að fingraförin sáuust blá lengi á eftir á upphandlegg drengsins eftir risavöxnu krumluna, en það var að eins þegar hún komst að því, að hann hafði brotið einhverja rúðuna í Öreigahælinu, eða stolist úr skólanum til þess að flækjast út um borgina.

II.

Jólanóttin var komin. Blind-niða þoka grúfði yfir borginni, eins og ský utan um fjallshnjúk. Andbýlingarnir sáu ekki hver til annars yfir strætin. Steinstéttarnar voru sleipar af súldinni. Fólkið reikaði um eins og ólögulegir, skuggleitir

svipir í þokuhafinu, sem eyðilagði alla útsýn og liti. Hún bar súrann þef, eins og gufa frá þvottahúsi eða ölgjörðarkrá. Ljós-in voru kveikt í sölubúðum kaupmannanna, sem voru troðfullar frá því snemma um morguninn af bændum og búalýð, er voru að kaupa til jólanna. Óljós glæta ljósanna barst út í þokuna, og háreystin af samtalinu, kaupabraskinu og brennivínsglasaglamr-inu varð líkust því, að hún væri byrgð innan í ullarvoðum. Hið eina í þessu algjörða tilbreytingarleysi, sem sérstaklega gat lát-ið á sér bera, eftir því sem meira leið á daginn, var ilmurinn af kryddbrauðunum, sem alstaðar var verið að baka; seinna bland-aðist inn í lyktin af gæsasteikinni úr húsum efnamannanna, rifjasteik eða svínasteik úr húsum meðalstéttarinnar, og salt-fiskslykt úr eldhúsum fátæklinganna; stundum blandaðist rauð-kálspefurinn inn í þessa samangan.

Í þessari kafaldsfor að ofan, neðan og alt í kring, á báða bóga, var Lúðvík Skinna-Bólettuson búinn ösla frá því í býtið um morguninn. Móðir hans hafði ekki verið heima á Öreiga-hælinu svo dögum skifti. Hún hafði haft húshreinsun og þvotti að sinna, og nú síðast hjá honum Jörundi Rasmussyni, efnuðum trésmið, og þar var hún boðin í jólamatinn. Drengurinn hafði auðvitað skólafrí. Snemmendis fór hann út, án þess að hafa nokkuð ákveðið markmið í huga, en það hafði hann ásett sér, að ólmast og slarka eins og frídagurinn entist framast til.

En nú var enginn „heldri“ drengurinn úti á strætinu, sem hægt væri að áreita. Félagar hans, götu strákarnir, voru hon-um síður til ánægju. Þegar hann var búinn að berjast við þrjá eða fjóra þeirra, varð hann leiður á svo tilbreytingarlausri skemtun. Svo breytti hann ögn til og setti fótinn fyrir vinnu-konu eina, svo hún datt með körfuna sína, og skiftust þau síð-an á fúkyrðum. Næst hepnáðist honum að koma skóhælunum ofan á horn á kjólslóða konu nokkurrar. Síðan ráfaði hann inn á kaupmannatorg, sem fult var af bændavögnum, og hrópaði á eftir manni einum, sem var að koma: „Gættu þín, gættu þín! Hjólið hringsnýst.“ En nú hitti hann ekki á eins barnalegann náunga eins og þann, er hann ávarpaði þessum orðum síðasta haustmarkaðs daginn, sem strax stanzaði og spurði: „Hvað

gjörir hjólið?" og snérist til þess að líta eftir hvort nokkuð væri að. Nei, í þetta sinn fékk hann í þakklæti fyrir fyndnina keyrisólina ómjúklega utan um hálsinn, um leið og vagninn rauk inn í þokuna svo gnast í hjólunum.

Lúðvík Skinna-Bólettuson var ekki í góðu skapi. Honum fanst jólanóttin nú í ár fáskrúðug með þessari leiðinda þoku. Nei, í heiðríku veðri, í grenjandi frosti var þó eitthvað að gjöra. Þá var þó hægt að ólmast á strätinu. Hann hélt áfram að ráfa, og stalst inn í tvær hálfdimmar búdir fullar af bændum, og náði við tækifæri, úr annari tveimur tylgiskertum, úr hinni bréfhulstri með rúsínum, og með því að læðast á bak við breiða bakið á einum bóndanum, inni í einu matsöluhúsinu, gat hann klófest fjóra stóra steinsykursmola af undirskál ásamt eldspítna-öskju er lá í gluggakistunni. Lúðvík Bólettuson lagði það nefnilega í vanda sinn að kveikja á eldspítum, einni á fætur annari, þegar honum leiddist og hann fann ekkert þarfara að hafast að; á þann hátt leið þó tíminn með dálitilli tilbreytingu, smellum og snarki.

En herra trúr! Átti það að verða síðasta vonin hans um jólanætur-skemtun? Í fyrra hafði hann þó fengið graut og flesk að eta með móður sinni heima í Öreigahælinu og auk þess sæta mjöð til drykkjar, og svo sem aukaskemtunar, að renna sér sem óboðinn gestur í sleða með þremur „heldri“ drengjunum að deginum til, og að kveldinu að gæða gamla sveitar-ómaganum, honum Setler kaðlara, á brennivíns flösku, er hann stal af búðarborði, svo að þessi sami virðulegi öldungur komst í gegn um öll stig drykkjuskaparins: söng, dans, angurværann grát út af minningunni um gamlar unnustur og fífil sinn fegri, ofsafjör æskunnar, svo að hann ætlaði að berja samfélagi sína í Öreigahælinu og fullvissaði þá um að hann gerði það af einskærri ást til þeirra, draufandi málróm og afleysi í fótunum, og að síðustu algjört dauðadá.—

En í ár! Myrkrið skall á, meðan drengurinn ráfaði um á þessum mishepnaða leiðangri sínum, og áður en hann varði var kolniða myrkur komið úti á strätinu. Innan allra glugga sáust ljós, sumstaðar var hljóðfærasláttur, sumstaðar söngur, annar-

staðar ræður og háreysti, barnahlátur, glasaglanur og bolla-braml. Lúðvík Skinna-Bólettuson leið aleinn gegn um þokuna eins og óljós skuggi yfir vegg í hálfdimmu herbergi. Og hvað þeir voru ertandi allir þessir ljósbjörtu gluggar! Átti hann að henda fáeinum steinum í þá? Hann var rétt að því kominn hvað eftir annað, var búinn að beygja sig niður til að ná sér í stein, en . . . hann lét sér lynda að taka strætisforina og kasta henni í hurðirnar. Ef til vill gægðist fram í huga hans meðvitundin um það, hve árangurslaust væri að heyja einvígi við öll hífýli borgarinnar. Það hlaut þó að enda með því, að lögreglan handsamaði hann, og stórt skarð gat það aldrei höggvið í jólagleði borgarbúa, þó ein rúða væri brotin.

Kjarkurinn tók að smádvína í Lúðvík Bólettusyni. Höfuðið á honum var orðið gjörsneytt öllum óknyttu hugmyndum er að gagni mætti koma, en í þeirra stað smeygði sér þangað inn með þokunni snertur af auðmýkt og guggnun, sem hann þó aldrei átti að venjast áður. Hefði hann ekki ríghaldið sér við þá einu siðferðishugmynd er hann þekkti: fyrirlitningu og hatur á öllum „hrinubelgjum“ — þá myndi hann óefað hafa sezt á einhvern stóra steininn í hliðinu á póstgarðinum og farið að gráta, sem hann að líkindum hefði breytt í stjórnlaust öskur og óhljóð, til þess að drepa niður eitthvað andstyggilegt, sem bældi sig og vakti óhug innra með honum. Hann mundi hafa espað upp alla grimd sína og strákskap á móti þessum „innra manni“, sem hann hataði umfram allt. Því honum sveið undan því eins og brunasárinu, sem hann hafði fengið misseri áður, þegar smiðs-trákurinn gat tælt hann til þess að snerta á sakleysislega útlítandi járnstúf, en sem var brennheitur. Það var hefnd, því Lúðvík hafði einusinni spyrnt fæti í vagnhjól, sem smiðs-trákurinn velti eftir strætunni, svo það valt um koll og meiddi hann í fótunum.

Móðir drengsins hafði aldrei verið blíð við hann, en hún var þó eina mannskepnan, er hann tilheyrði, og kom honum við. Hann vissi, að hún var hjá Jörundi Rasmussyni trésmið, vissi líka, hvers vegna hún hvorki vildi né þorði að hafa hann með sér, því honum var vel ljóst, hvaða álit var haft á honum.

Hann var „drembinn“ á sinn hátt, og vildi ekki — það bölvaði hann sér upp á— á nokkurn veg troða Jörundi Rasmussyni um tær, þeim „tréspónaskrögg“, eða kviðsíðu kerlingunni hans. Engu að síður gat drengurinn ekki að sér gjört, að ráfa aftur og aftur út St. Bents götu. Jörundur Rasmusson bjó á þeim enda hennar, sem frá vissi sölutorginu. Drengurinn ráfaði stöðugt lengra og lengra niður eftir strætinu, — ekki af því hann langaði til að sjá móður sína eða vera hjá henni— heldur . . . ja, hann vissi ekki, hvað í honum bjó.

III.

Án þess að drengurinn vissi, hvernig það atvikaðist, var hann kominn inn í garðinn hjá Jörundi Rasmussyni, þvert ofan í heitorð sín um, að koma þar hvergi nærri. Það var blindþreifandi myrkur, og þokan var orðin að hellirigningu.

Eldhúsdýrnar voru læstar, en matarlyktin angaði um allan garðinn, og drengurinn heyrði steikarabrákið og snarkið inni. Hann sá vangann á móður sinni í gegn um gluggann, sá skegg- ið á henni glitra í ljósinu um leið og hún glepti stórann munnbita af rjúkandi eplaköku.

Sveinninn var glorhungraður. Það var band-vitlaust, að sjá þau svo etandi þarna inni. Eitthvað varð til bragðs að taka.

Lúðvík Skinna-Bólettuson litaðist um í garðinum, leitaði í huga sér eftir úrræði og fann það í svipan, eins og hann hefði hrifið það úr lausu lofti. Hann vissi að í garðinum hægra megin við íbúðarhúsið var dálítið úthýsi, og var ein króin í því notuð fyrir hænsakofa. Það hlaut að vera „fyndið“ að sjá hvernig umhorfs væri í hænsakofa á jólanótt.—

Hann svipaðist fyrst um hringinn í kring. Hvað var nú að? Þar kom ys og þys í eldhúsinu. Móðir hans og vinnukonan þurkuðu sér um munninn og hendurnar á diskapurkunn, svo opnuðust dýrnar, og í sama veffangi sá drengurinn tré, ljósum sett, geislandi í gulls og silfur og alls konar litaskrúði. . . . Svo var dýrunum skelt aftur. En eldhúslampinn stóð logandi eftir á borðinu.

Drengurinn náði hespunni hávaðalaust ofan af kengnum fyrir útidyrum eldhússins, smeygði sér eins hávaðalaust inn, hrifsaði fáeina eplakökur af diskki, drakk þriflegann teig úr púnskönnu, tók handfylli sína af einhverju rauðu, sem var á síu hjá reykháfnunum, og stakk svo í vasa sinn bæði eplakökunum og þessu rauða mauki. Þegar hann var í þann veginn að læðast burtu, varð hann þess var, að hann hafði haft fylginaut í þessu strandhöggi. Stór svartur fressköttur, sem guð mátti vita um hvaða smugu hafði komist inn, stóð á eldhúsbordinu og lapti mjólk úr skál. Drengnum féll þessi köttur strax vel í geð. Hann tók rjómakönnu og helti úr henni á tóma undirskál, til þess að gjöra kettinum hægra fyrir framvegis að gaða sér á rjómanum; síðan hvarf hann aftur út í garðinn.

Það mátti ekki seinna vera. Skinna-Bóletta og eldastúlka Jörundar Rasmussonar, sem höfðu verið að dansa í kring um jólatréð, komu nú aftur fram. Niðingsbragð kattarins komst upp, og var sökudólgurinn laminn með sópnunum úr eldhúsinu út í garðinn um leið og skammaryrðin rigrðu yfir hann; þar kölluðu hann „hundspott“ og „erkisvín“, og það voru nú hæverskustu og um leið meiningarlausustu orðin.

Drengurinn var rétt búinn að ná upp króknum fyrir hænsakofanum; þá hrökk hann saman og beygði sig niður, er hann sá ljósglætuna í eldhúsdýrunum, og í sama bili sá hann vin sinn, köttinn.

Þessi köttur gat þó orðið skemtilegur lagsbróðir í hænsakofanum kvöldið það. Hann tók til að gæla köttinn og hvísla undur hægt: „kisi, kisi!“ Hann sá hvar grilti í kisa, þar sem hann straukst fram með múrvegg. Hann nágaðist smátt og smátt, stanzaði og skimaði út í loftið með gneistandi glyrum.

Líklega hefir hann samt fundið einhvern andlegan skyldleika milli sín og drengsins, því hann gekkst fyrir hinu hvíslandi gæluskrafi; og innan stundar fann drengurinn hvernig hann lyppaði til hlýjum og mjúkum skroknum í handarkrika sínum. Með annari hendinni lyfti hann hespunni frá hænsakofa hurðinni, opnaði hana í hálfu gátt, og kisi og strákur smugu báðir inn í hænsakofann. —

Lítilsháttar hænsaklak gaf til kynna, að ein eða tvær hænur hefði rumskast af svefni hátt uppi á hænsatrjánunum. Strax varð aftur dauðapögn í kolniða myrkrinu. Kötturinn læddist frá drengnum, svo hann fann ekki hvar hann var, sá ekki einu sinni glæra í glyrnurnar á honum í myrkinu. Jæja, í bráðina þurfti strákur hans heldur ekki við. Hann var glörhungraður, og tók til að gjöra sér mat úr sumu af þýfinu, steinsykrinum og rúsínunum. Hann gat vel vitað, að kötturinn fengi bita með sér, en hann sá strax, að sér myndi ekki vera til neins að bjóða honum til slíkrar máltíðar, og sagði í hálfum hljóðum.

„Nei, þú ert ekki sá köttur, að þú kærir þig um svona mat, herra Surtur!“

Drengnum fanst sér líða álfka vel og þegar hann var hátt aður ofan í rúm dauðlúinn að kvöldinu. Hann var ekki vanur við breint eða gott loft í Öreigahælinu eða frískólanum. Hið þunga og kæfandi hænsaloft, hlýindin, í stað kuldagjóstsins úti og jafnvel kyrðin, urðu til að gjöra honum lífið ánægjulegt um nokkur augnablik, á meðan hann sat og bruddi steinsykur og rúsínur.

En nú þurfti hann að fá eitthvað að drekka, hann var orðinn þyrstur. Lúðvík Bólettuson var drengur, sem sjaldan varð ráðfátt. Kisa var ekki vorkennandi, hann hafði fengið bæði mjólk og rjóma.

Hann kveikti á eldspítu og tendraði ljós á einu stolna kertinu. Kötturinn blés af fátí og haninn tók til að gala. Hann hreykti sér upp á hænsará til hænanna, sem sátu í röðum með nefin falin inni á milli stélfjaðranna. Hann glápti eldrauðum augum fádæma bjánalega út í loftið, en hálskraginn hans glitr- aði eins og gullsaumur í rauðn silki.

Eins og kunnugt er, er lítið um varp á þeim tíma árs. Það finnast eitt og eitt egg á stangli; það vissi strákur. En hann hafði áður komið í hænsakofa, og vissi hvar hann átti að leita þeirra. Fjögur egg alls! Skárra var það óhófið, að hafa hrá egg til að eta með steinsykrinum. Meira sælgæti fengu krakkar Jörundar Rasmussonar varla, Pétur Kringilfótur og rauðhærða Elvína.

„Svei, þið þurfið ekki að láta digurmannlega, timburkofa-
makararnir ykkar! Þið hafið ljós inni í stofninni fram við stræt-
ið.— eg get líka lýst hjá mér.“

Hann kveikti á öðru kertu. Verst gekk honum að fá kert-
in til að standa föst. Margar tilraunir, til að grafa þau ofan í
moldargólfíð, mishepnudust. Moldin var of þur. Kertið valt
útaf, ljósið drapst og sveið fáein heystrá á gólfinu, um leið og
það datt.

Strákur braut heilann, og uppspretta hugvitsins fossaði
fram. Naglar voru víðsvegar reknir í hænsakofa veggina, og
fleckótti hálsklúturinn hans var ekki margra sýrðra sílda virði.
Hann leysti hann af sér, reif hann að endilöngu, batt annan
helminginn um hálsinn aftur --hann var þegar til kom til eins
mikils gagns, eins og hann hafði verið allur.— Hinn parturinn
var nú aftur klofinn endilangur og úr hvorum fjórðapartinum
fyrir sig bjó hann til tvö knýti, neðri endanum batt hann utan
um kertin, en hinn festi hann upp á naglana. Þetta voru full-
góðir bráðabyrgðar veggslampar, kertin héngu skáhallt í lausu
lofti, rugguðu til og frá og runnu ódum niður, en hvað gjörði
það? Lúðvík Skinna-Bólettuson var breykinn af þessari upp-
götvun sinni. Honum fannst því svipa til ljósa hjálmsins, sem
hann sá einu sinni í stjórnarhöllinni, þegar hún móðir hans
þvóði hallargólfíð með fangavarðarkonunni einhvern morgun,
þegar höllin var skreytt fyrir næturdansleik. Það var áður en
að svo ilt orð fór af Lúðvík, að menn tóku Skinna-Bólettu að-
eins með því skilyrði í vinnu, að hún léti drenginn eftir heima.

Nei, slík og þvílík dýrð! En hvað bjart var í hænsakofan-
um! Meðan strákur sat og át egg og sykur, vöknudu hænsin
smátt og smátt, litu í kring um sig undrandi, og haninn galaði,
eins og kominn væri glaðbjartur morgun. Hænsin smá klökuðu,
og kötturinn, sem strákur var búinn að gleyma, tók að klifra
upp eftir veggstöðinni og skotraði glyrnunum tortryggilega til
stóra hánans, sem svaraði á sömu vísu. Haninn sat kyr á ránni
og kötturinn í gluggakistunni, báðir með sama vopnaða friðnum
sem jafnan stóð á milli kisa og hænsahússliðsins á öllum tímum

sem engir ungar voru, því um ungatímenn var í milli þeirra, ef ekki opinber þá samt býsna lifandi fjandskapur.

Kisi hlepti upp kryppunni, haninn hreykti kambinum, og þeytti vindi í hálsfjaðrirnar. Kötturinn geispaði, haninn hristi sig. Það var altaf eitthvert samræmi í hreifingum hvers um sig. Hver einasta hæna hafði stöðugt auga á þessu aðskotadýri, sem hafði brotist inn í ríki þeirra. Þær virtust ekki gefa drengnum sérstakan gaum.

Hann var nú búinn með eggjamatinn og leið reglulega vel, var glaður í anda eins og saddir menn eru vanir að vera, og því fanst honum rétt að hænsein og kötturinn ættu að leika sér líka.

Um leið og hann stóð á fætur til þess að reka hálfsofandi hænsein ofan af ránum, tók hann eftir einhverjum raka á öðru lærinu á sér. Það kom frá vasanum. Hann þreifaði ofan í hann, og greip lúkufylli af einhverju blautu. — Ó, það var rauða maukið, sem hann stal af síunni inni í eldhúsinu.

Skyldi það vera ávaxtamauk? Óhætt var að bragða á því. Nei það var sambland af einhverju súru og sterku! Það var auk heldur reglulega bragðilt. Hamingjan mátti vita nema hænsein vildu eta það.

„Hott, hó, hæ! . . . Niður með ykkur! Hæ, stóri hani, — Niður af ránni með allar maddömunar þínar! . . . Kisi! . . . Niður úr glugganum, bjáninn þinn!“

Kötturinn hvæsti og dró sig innst inn í horn á gluggakistunni. Haninn og hænurnar klökuðu og gögguðu, bröltu á bæxlunum niður á gólfid. . . og hlemdu sér með áflogum og græðgi ofan í rauða maukið, sem Lúðvík hafði stráð út um hálminn.

O—o, en hvað þau átu, átu og átu. Og því meira sem þau átu, því meiri hávaða gjörðu þau. Strákurinn klakaði, galaði og hvein í kapp við hænsein, hringlaði innan um þau eins og félagi þeirra. Kisi sat einn uppi í glugga, skaut upp kryppunni og glápti á allan skripaleikinn með djöfullegu augnaráði. Ef hann hefði getað sungið kaflann úr „Faust“ eftir Gounod, myndi hann hafa breytt bassaröddinni í kattarmjálms og sungið:

„Kölski stýrir dansi dátt,
dunar Vítis höll.“ —

Hænsin urðu altaf kátari og fjörugri. Haninn fór að verða vífinn við hænurnar. Það komu mjög kynlegir innskotsþættir inn í þenna tryllingsdans. Það var í fyrsta sinni sem Lúðvík fékk hugmynd um, að hæns væru fuglar, svo gerðarlega flugu þau með vængjabarningi og gargi. Hann lék við þau skollaleik, náði stundum einni og einni vængfjöður úr hænunum, stundum þreif hann utan um aðra löppina á hananum. — Ó, hvað haninn og hænurnar görguðu, —kötturinn mjálmaði óhemjulega; þau hæns, sem ekki voru það og það augnablik í þessum tryllingsleik, átu af rauða maukinu.

Drengurinn var töfraður af ólátunum, hávaðanum og tryllingshættinum. Hann grenjaði og hvein svo að yfirtók alt galið og gargið í hænsunum, æddi um eins og djöfulóður, krafsaði upp ruslið af gólfinu, þeytti því í allar áttir, hló og söng:

„Og því skal herja hart
sem hraustur kappi lands.

Húrra, húrra, húrra!“

Hann vissi ekkert, skynjaði ekkert, hann og hænsin voru jafn djöfulóð í þessum helvíska jólaleik, sem hann setti á stofn. Hvað er nú að?

Það var barið á dyrnar.

„Berjið þið, eg skal berja aftur!“

Og drengurinn barði með báðum stígvélahælunum innan á hurðina svo þrumaði undir, jafnframt því sem hann erti hænsin til þess að flöggra og vappa um kofann.

„Hver er í hænsakofanum?“ kvað við utan við kofann með þrumandi rödd.

Drengurinn þekkti röddina. Honum flaug í hug að hann ætti von á kinnhesti eða skrokkskjóðum. En hann var í því hugarástandi, að hann skoðaði slíka hversdags hluti sem smá-muni.

„Gott kvöld og gleðileg jól, Skinna-Bóletta!“ þrumaði hann út um hurðina.

Utan frá drundi:

„Nei, aldrei á minni lífsfæddri æfi, og alt til æfiloka, hefi eg þekkt, né mun þekkja, annan eins grasasna“.

„Þakka þér fyrir, mamma, þakk í sama máta“, hrópaði strákur.

„Eg skal berja þig þangað til varla blökta í þér augun.“

„Þakk, mamma; bíddu aðeins þangað til frystir, þá hitar það svo ljómandi vel.“—

„Viltu ljúka upp, nautshausinn þinn?“—

„Gjörðu svo vel, mamma! Jája, gott kvöld! Það er þú Trína hans Jörundar Rasmussenar! Gott kvöld, Trína!“

Skinna-Bóletta og Trína vinnukona höfðu heyrt einhvert óvenjulegan gauragang inn í eldhús utan úr hænsahúsinu og séð ljósrák í dyragættinni. Bólettu grunaði strax, að ef nokkur í allri borginni hefði fundið upp á því að gjöra uppistand í hænsahúsi Jörundar Rasmussenar, þá myndi það vera Lúðvík.—

Trína og Bóletta fóru inn. Drengurinn lokaði dyrunum.

„Nei— heyrðu Bóletta,“ sagði Trína, „það eru þó svei mér ljósakrónur í lagi þarna á veggnum. Sjáðu, Bóletta! . . . sjáðu hænsin, hvað þau gjöra sig merkileg. Sjáðu stóra hanann . . . hí, hí hí! Ja, Bóletta . . . sjáðu, hvað hann . . . Svei . . . hann er . . . Nei! hann er . . .“

„Þegiðu, Trína! Barnið heyrir til þín.“

„Uss! . . . Skárra er það nú barnið, hann Lúðvík. Hann er eins vel að sér og haninn.“—

„Haltu þér saman, Trína.“

„Já, það er eitthvað til í því, Bóletta.“

„Hárta fyrir báðum börnunum hennar Trínu“, hrópaði strákur.

„Þarna getur þú sjálf séð, Bóletta“, sagði Trína.

„Þú ert kvikindi“, sagði Bóletta við son sinn. En þú, Trína— hvað hænsin geta gert sig til. Og hlaupin í þeim! Hæns, sem þó eru mestu svefnhausar. Og þau skjögra, Trína! Guð hjálpi mér, ef þau ekki skjögra! Þau eru full, Trína!

„Þau eru að sölsa eitthvað rautt ofan í sig, Bóletta! Þú, Lúðvík, hvað er það sem þau eru að sölsa ofan í sig?“—

„Það er bara ávaxtamauk, Trína!“ sagði drengurinn.

Trína tók dálítið í lófa sinn, lyktaði af því og sagði:

„Bóletta, hvaða heimsins býsn! Það eru sólberin, sem

brennivínið hefir verið haft á, þau sem eg fleygði út í morgun. Það eru þau, sem hænsin eru drukkin af. En hvernig hafa þessi sólber komist hingað?"—

„Eg náði þeim“, sagði strákur, og fann auðsjáanlega talsvert til sín.

„Ja, heyrðu Bóletta,“ sagði Trína, „ef þessi strákur er ekki afbragð annara, þá hefi eg aldrei.“

„Eignast tvö börn,“ þrumaði strákurinn, „eitt með Hermannni Pétursyni öikumanni, Hermannni, já og. . . . hitt með. . . .“

Trína lagði til hans með hnefanum. Móðir hans ætlaði að fullkomna hegninguna með því að gefa honum löðrung, en strákur stakk fingrunum í sama vctfangi í tvö eggskurn og lar þau fyrir sig eins og skjöld.

Hænsin klökuðu ákaft, hlupu skjögrandi, drukkin af vínblöndnu sólberjamaukinu. Og Skinna-Bóletta varð svo standandi hissa, að hún gleymdi að berja strákinn. Hún sagði við Trínu:

„Hann hefir þá etið egg, skarfurinn sá arna!“—

Hin stóra og hrikalega Trína tók til að skellihlæja, voçalega, kleip Skinna-Bólettu sem var eins stór og ennþá þreknari, í handlegginn, og stamaði út úr sér:

„Nei, þetta átti eg eftir að heyra og sjá áður en eg dó. Hann er reglulegasta metfé, strákurinn.“

„Og þarna situr, svei mér þá, kötturinn,“ sagði Bóletta.

„Já, þarna situr kötturinn“, át Trína eftir, altat skellihlæjandi. . . . „Heyrðu Bóletta, eg ætla að sækja dálítið af þúnsi og eplakökum, og svo setjum við okkur niður og gjörum að gamni okkar eins og kötturinn og hænsin og drengurinn. Hvað segirðu um það, Bóletta? Það veitir enginn aðrar ánægjustundir en þær, sem menn veita sér sjálfir.“—

Þessi gleðibragur hafði áhrif á hina alvörugefnu þvottakonu. Trína sótti það, sem hún lofaðist til. Hún, Bóletta og Lúðvík skiftu með sér sælgætinu, kötturinn og hænsin fengu sinn hluta af eplakökunum. Þúnsið hafði sömu áhrif á mennina, eins og sólberin á hænsin, Trína, móðir og sonur dönsuðu í bendu innan um skjögrandi og trítlandi hænsin, og Trína söng:

„Á vetrin í hörku og hjarni
um hauður og sveiþakta lá
við öikum í sleða og ærumst
með ískalin nefin og blá.“—

Herra trúr! Þarna dattu kertisstúfarnir úr knýtunum niður á gólf. Rjúkandi skörin sloknuðu á svipstundu undir skóhælunum.

Með myrkrinu komust þau til sjálfs sín.

„En ef fyrirfólkið heyrði nú þetta“, sagði Bóletta.

„Já, skollinn hafi það, það þætti mér nú verra“, muldraði Trína.

Þau læddust öll inn í eldhúsið. Heimilisfólkið var alt á fótum ennþá nema gamla áttæða tengdamóðir trésmiðsins, sem hélt til í loftherbergi, er vissi út að garðinum. Þar var búið að loka, slökkva og draga niður gluggtjöldin.

Skinna-Bóletta og sonur hennar urðu samferða heim í Öreigahælið. Drengurinn fékk hvorki löðrung né skammir, því Bóletta játaði með sjálfri sér, að drengurinn hefði gert henni glaða jólanótt.

IV.

Gamla madama Brask, móðir madömu Rasmusson, hvíslaði við kaffiborðið á jóladagsmorguninn mjög íþyggin á svip:

„Fyr mátti nú vera gauragangurinn í hænsakofanum í gærkveldi!“ —

Tengdasonurinn yppti öxlum. Gamla konan var orðin hjá sér, og sá og heyrði ýmislegt, sem aðrir hvorki sáu né heyrðu.

„Það var ljós, söngur og dans þar úti,“ hélt madama Brask áfram.

„Já, það er rétt líklegt,“ sagði trésmiðurinn og fór út úr stofunni, tautandi: „O-o, rugl!“—

Madama Brask hvíslaði að dóttur sinni:

„Í mínu ungdæmi settu menn dálítið af mat út handa . . . handa þessum smáherrum á jólanóttina. Nú eru menn orðnir svo

mentaðir. En eg hefi verið í hænsakofanum í morgun, og þar lágu fjögur tóm eggskurn, og tvö kertisskör í hálminum. Og svo segið þið, að ekkert sé satt, nema það sem hægt er að taka og þreifa á. Hver haldið þið að hafi haldið til jólanna þar úti? Og hænsin sváfu eins og þau væru steinrotuð."

Þýðingin eftir Viðar.

ÚTFÖRIN VETURINN 1904.

Það eru nú nærri fjögur ár liðin síðan dag einn í Febrúar, að sorgar fregnin er seint fyrnist yfir, slaug hingað vestur frá Cambridge í Mass. að Þorvaldur Þorvaldsson Sc. B. væri dáinn. Menntu munu tæplega vera búnir að gleyma því, hve frétt sú kom öllum óvart, né hvaða hryggð og þögn hún sló yfir vini hans og fjær. Á öðru áttu menn von. Allir gjörðu ráð fyrir að sjá hann aftur, að hann kæmi hingað vestur, en ekki á þenna hátt, að vera fluttur hingað liðið lík.

Og það eru nærri fjögur ár liðin síðan að menn söfnuðust saman, kaldann Febrúardag, norður við vagnstöð C. P. R. félagsins, og biðu þess, að lestin kæmi að austan, er lík Þorvaldar flutti heim. Einn af þeim er þar beið, var Sveinn Þorvaldsson, bróðir hins dána manns, annar var Einar Ólafsson, —nú einnig dáinn,— auk nokkurra fleiri. Það var löngu eftir hádegi að lestin kom, og var þá ekið á stað. Veður var kalt, og fann-drifa. Það var hvorki bjart fyrir sól né í huga þeirra er hófu líkfylgdina. Það var fyrst numið staðar frammi fyrir litlu Unítara kyrkjuni á Nena. Þar var fólk þá samansafnað, til þess að tjalda hana líkblæjum. —Þar fóru kveðjurnar fram, sunnudaginn næstan eftir.

Daginn eftir var skipað fyrir með útfarar minninguna. Fyrir því stóðu þeir tveir, er síðast voru nefndir, auk Þorst. Borgfjörðs. Kennararnir ýmsir við Wesley College höfðu látið í ljósi, að þeir vildu gjarna taka þátt í útfararminningunni, og voru því boð send, og hverjum boðið er vildi koma og segja eitthvað. Á Sunnudagskvöldið komu þrír: Dr. Laird, Registrar

háskólans, prófessorarnir Cochrane og Osborne. Héldu þeir ræður, Dr. Laird og prófessor Osborne, á eftir líkra ðunni. Ekk kom séra Friðrik, var hann þó eini Íslendingurinn er fékkst við kennslu við Wesley, og hér var verið að fylgja til grafar, þeim Íslendingi er fyrstur hafði útskrifast við Wesley, er getið hafði sér beztan orðstír allra námsmanna fyrir lardóm, dugnað og námshæfilegleika.

Síðan eru nærri fjögur ár. Vér munum vel hvað gjörðist, og er sagan mikið lengri en þetta, væri hún öll sögð. Vér munum einnig mjög vel, hversu ræður þar voru, er þessir tveir kennarar fluttu það kvöld. Nú kemur afbakaður útdráttur úr þeirri ræðu próf. Osborne's í Breiðabl., Desember blaðinu, og verðum vér að játa að oss kom það kynlega fyrir. Minningu hins látna manns er misboðið með slíku, misl oðið með þýðingunni, er hlýtur að vera mikið skrámd á allan hátt. Þarf ekki annað en benda á, að líkfylgdin frá Wpg. Beach er látin vera einn hundasleði, — „þar bíður líklega óvandaður sleði, þakinn hálmí með einni eða tveimur ábreiðum. Þögulir, þureygir, menn og sveinar, *hlaupa* líklega með honum yfir snjóinn, eina míluna eftir aðra.“ . . . og þegar komið er til áfangastaðarins, er líkið látið „niður í grunna og *ólreina* gróf.“ Er þá gróf Þorvaldar, norður í Árnass-grafreitnum, fram við vatnsbakkann, *ólreinni* en annara manna grafir?

Minningu hans er misboðið að þessi gjörðist þýðandinn að líkræðunni hans —maðurinn er sýndi honum fyrirliðningu á líkfjölnum, en með þessari líkræðu er nú í vinsældaleit í garði vina og vandamanna hins látna. Ósegjanlega er djúpt á kinnroða sumra manna.

Vegna þess vér þekktum svo vel til, getum vér ekki hjá oss leitt að gjöra þessa athugasemd. Það má ekki minna vera, en hræsnin láti grafirnar í friði, og svo lengi vér megnum að hreyfa hönd eða tungu, munum vér reyna að varna þess að grómtéknir fingur bletti minningu þess manns og mannroð, er var hreint og himinbjart.

Ritstjóri sra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.